

Greinargerð; Fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2025 og samanburður við endurskoðaða fjárhagsáætlun 2024 og ársreikning 2023.

Rekstartekjur.

Heildarrekstrartekjur að teknu tilliti til millifærslan á milli deilda eru alls áætlaðar 262,7 mkr sem er lækkun um 62 mkr frá endurskoðað fjárhagsáætlun 2024 en um 24 mkr hækkun miðað við ársreikning 2023

Framlög Ríkissjóðs

Umsókn í C1 aðgerð Byggðaaætlunar 2024 *Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða* áætlað 20 mkr Fjórðungssambandið sækir árlega um um verkefnaframlagið og á árinu 2024 fengust 15 mkr í eitt verkefni en 2023 fengust úthlutaðar 43,6 mkr til þriggja verkefna á Vestfjörðum.

Framlag til sóknaráætlunar er hér sett fram að verði 98 mkr í samræmi við frumvarpi til fjárlaga 2025. Landshlutasamtök hafa með sameiginlegri umsögn til fjármálaáætlunar 2025-2029 og nú aftur við frumvarp til fjárlaga 2025, óskað eftir hækkun framlagsins, að það nemi að lágmarki við fjárhæð í fjárlögum 2024, en þá nam framlag til Fjórðungssambandsins 107,3 mkr.

• **Framlög Jöfnunarsjóðs.**

Framlagið skiptist upp í tvo hluta. Annars vegar fá landshlutasamtök sveitarfélaga samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð, hlutdeild af almennum tekjum sjóðsins og er hér áætluð 53 mkr

Hinsvegar hefur Jöfnunarsjóður á undanförunum árum veitt framlagi til FV vegna reksturs áætlana í umsjón FV s.s. sóknaráætlunar, framlagið er áætlað hér 7 mkr sem er um 150 þkr hærra en á árinu 2024.

• **Framlög sveitarfélaga**

Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands þá er árstíllag sveitarfélaga ákveðið á Fjórðungsþingi að hausti, reiknast það sem framlag á hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Samþykkt framlag (árstíllag) fyrir árið 2024 nam **42,8 mkr en tillaga er um hækkun 1,8 mkr eða alls 44,6 mkr og síðan 5 mkr á nýtt verkefni Hringrásarfulltrúi, alls 49,6 mkr.**

Framlagið skiptist á rekstrardeildir;

• **Byggðaðpróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals 13,3 mkr.**

Framlagið er tvískipt,

- **8,3 mkr** sem er mótfamlag sveitarfélaga á móti samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðaðpróun á Vestfjörðum.

- **5 mkr**, framlag sem var til reksturs Umhverfissvottunar sveitarfélaga Earth Check en sameiginlegur vilji sveitarstjórna er að segja sig úr vottuninni. Fjármagn yrði notað til að koma upp bóhaldskerfi fyrir innkaup á umhverfissvottuðum vörum og þjónustu og samræma á milli sveitarfélaganna. Tillagan feli einnig í sér að framlagið verði tilgreint sem hluti af framlagi Fjórðungssambands Vestfirðinga í nýjum samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 við innviðaráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti og umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti. Framlagið komi til endurskoðunar á árinu 2026.
- Rekstur skrifstofu, samtals **31,3 mkr**.
Skriptist í árstíllag sveitarfélaga til;
 - markaðsmála, **8,2 mkr**, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi Vestfjarðastofu við mótframlag á móti framlögum Ferðamálastofu vegna Áfangastofu.
 - menningarmála **9,9 mkr** hér er um að ræða framlag til starfsemi á sviði menningarmála. Þessi starfsemi var skilgreind sem áhersluverkefni í samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024. Tillaga er hér sett fram að framlagið verði áfram skilgreint sem hluti af framlagi Fjórðungssambands Vestfirðinga í nýjum samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 við innviðaráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti og umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti. Framlagið komi til endurskoðunar á árinu 2026.
 - beinn rekstur skrifstofu, **13,2 mkr** hér er um að ræða framlag til reksturs skrifstofu FV.

Framlag til Svæðisskipulags Vestfjarða.

Hér er áætlun um framlög til Svæðisskipulags Vestfjarða alls 48,2 mkr, þar af eru áætluð framlög Skipulagssjóðs og framlag sveitarfélaga 33,2 mkr og síðan 15 mkr af Sóknaráætlun (áhersluverkefni) og 3 mkr af rekstri skrifstofu með millifærslum af þessum deildum.

Ónotaðir styrkir færðir frá fyrra ári.

Ekki er reiknað með að ónotaðir styrkir færist til ársins 2025.

Ónotaðir styrkir til næsta árs.

Ný sóknaráætlun tekur gildi á áramótum. Við endurskoðun fjárhagsáætlunar vorið 2025 er í fyrsta lagið hægt að sjá hvort líkur sé að verkefni muni flytjast yfir til ársins 2026. Gildistími núverandi Sóknaráætlunar líkur á árinu 2024, áhersluverkefni sem þar heyra undir miðast við að verða lokið á árinu og því er gert ráð fyrir að ekki verði ónotaðir styrkir færðir til næsta árs.

Tekjur færðar til næsta árs og varasjóður stjórnar

Lagt er til að varasjóður stjórnar nemi um **7 mkr**, til að mæta nýjum verkefnum og breytingum á almennum rekstri Vestfjarðastofu.

Millifærslur á milli deilda

Millifært verði milli deilda **18 mkr** á Byggða- og atvinnuþróun og nýsköpun vegna vinnu við svæðisskipulagið, þar af **15 mkr** sem áhersluverkefni frá Sóknaráætlun og **3 mkr** af rekstri skrifstofu.

Vextir

Vextir að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru áætlaðir 1 mkr,

Rekstargjöld

Rekstrargjöld eru að teknu tilliti til millifærslna milli deilda, eru alls áætluð um 261,8 mkr, sem er um 60 mkr lækkun miðað við endurskoðaða fjárhagsáætlun 2024, en um 28 mkr hækkun miðað við ársreikning 2023.

Lífeyrisskuldbinding. Áætlaðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga FV nemi um 360 þkr. Vakin er athygli á að tilgreint er nú reiknuð hlutdeild ársins í fyrirframgreidda lífeyrisskuldbinding sem FV greiddi til Brú lífeyrissjóðs. Vestfjarðastofa sem tók við starfsmönnum FV greiðir þessa hlutdeild til FV endurgreiðir til FV áætlað 270 þkr.

Framlag til Vestfjarðastofu. Tillaga um breytingu á framlögum sveitarfélaga leiðir til hækkunar gjaldaliða samhliða. Á árinu 2025 er alls áætlað 108,6 mkr og er ráðstafað samkvæmt rekstrarsamningi FV og Vestfjarðastofu skiptist á eftirfarandi deildir,

- Byggðaþróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals 18,3 mkr.
 - Atvinnu og byggðaþróun, hækkun um 500 þkr og nemi 8,3 mkr er renni til að vinna að verkefnum um atvinnu og byggðaþróun. Gert í samræmi við samning Vestfjarðastofu við Byggðastofnun um atvinnu og byggðaþróun sem Vestfjarðastofa tók við í byrjun árs 2023 af Fjórðungssambandi.
 - Umhverfismál. Óbreytt tillaga um 5 mkr framlag áður vegna umsjónar með umhverfissvottun sveitarfélaga, en breytist yfir í umsjón með umhverfisverkefnum sveitarfélaga s.s. grænt bókhald og hluti af framlagi sveitarfélaga í nýjum samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029.
 - Nýtt verkefni, Hringrásarfulltrúi, framlag 5 mkr, byggt á tillögu verkefnishóps sveitarfélaga Vestfjörðum í skýrslu frá í ágúst s.l., um *Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum og mat á umhverfisáhrifum*, vinnan að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er í samræmi við 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum. Vinna að gerð svæðisáætlunar byggir á ályktun 67. Fjórðungspings Vestfirðinga, sem haldið var á Patreksfirði haustið 2022.
- Sóknaráætlun.
 - Framlag til reksturs Sóknaráætlunar Vestfjarða nemi 18 mkr.
 - Rekstarframlag verði óbreytt (11 mkr) og er ráðstafað af samningi Sóknaráætlunar og sértæk verkefni Byggðaáætlunar með stuðningi Jöfnunarsjóðs nemi 7 mkr sem er hækkun um 800 þkr, samtal 18 mkr. Með

fyrirvara um afgreiðslu frumvarps til fjáralaga 2025 að fram náist breyting til hækkunar framlags til sóknaráætlana.

- Rekstur skrifstofu FV og verkefna, nemi 72,3 mkr
 - Framlag til rekstur skrifstofu 54,2 mkr, framkvæmdastjórn, stjórn FV, nefndir FV, sérfræðivinna/hagsmunagæsla, húsnæði og tæki. (Fjármögnun kemur af framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélagi fyrir árið 2025, framlagið nemi alls 41 mkr. Framlag sveitarfélag 13,2 mkr)
 - Framlag til markaðsmála 8,2 mkr sem er hækkun um 500 þkr, til að vinna að verkefnum á sviði markaðsmála ferðaþjónustu / Áfangastofu Vestfjarða.
 - Framlag menningarmála. Óbreytt tillaga um 9,9 mkr til að vinna að menningarstarfi. Verði einnig framlag sveitarfélaga í nýjum samningi um Sóknaráætlun Vestfjarðar 2025-2029.

Áhersluverkefni. Alls um 22 mkr, en áður hafa verið millifærðar 15 mkr, vegna svæðisskipulags sem áhersluverkefni. Hér er miðað við að framlög til Sóknaráætlunar verði samkvæmt fjármálaáætlun 2025-2029 en komi til endurskoðunar ef framlög til sóknaráætlana verða hækkuð við afgreiðslu frumvarps til fjáralaga 2025.

Greiddir styrkir. Greiddir styrkir eru hér áætlaðir 51 mkr

Aðkeyptir verktakar/þjónusta.

2 mkr vegna reikningshalds skrifstofu FV.

Svæðisskipulag Vestfjarða

Áætlaður kostnaður við aðkeypta sérfræðivinnu 43,2 mkr og vinna svæðisskipulagsnefndar, ferðir og fundir 8 mkr, alls 51,2 mkr. Unnið samkvæmt skilmálum útboðs svæðisskipulagsvinnu sem samþykkt var í byrjun febrúar 2024 og samþykki sveitarstjórna í nóvember 2023.

Aðkeypt sérfræðiþjónusta aðgerðir Byggðaáætlunar

Engin tillaga hér

Annar skrifstofukostnaður..

Engin tillaga hér.

Millifærslur á milli deilda.

Tillaga um að millifæra 3 mkr af rekstri skrifstofu til verkefna í byggða- og atvinnuþróun og nýsköpun og 15 mkr af sóknaráætlun sama verkefni, 18 mkr.

Rekstarniðurstaða.

Rekstarniðurstaða nemi um 900 þkr.

Viðauki; nánari skýringar við forsendur fjárhagsáætlunar Fjórðungssambands Vestfirðinga 2025

Rekstur Fjórðungssambandsins það sem af er árinu 2024 og það sem fyrirséð er restina af árinu þá er ekki annað séð en rekstur verið í samræmi við áætlun með einni undantekningu, en Breiðafjarðarverkefnið hefur farið um 600 þkr umfram tekjur, í beinum útgjöldum og síðan er óreiknuð vinna sviðsstjóra VFS að verkefninu sem Vestfjarðastofa hefur ekki reiknað.

Önnur verkefni eru rekin samkvæmt áætlun;

Stærsta einstaka verkefnið er Svæðisskipulagið, þar var fyrirvari um að verkáætlun yrði endurskoðuð þegar niðurstaða lýsingar lægi fyrir. Nú þegar umsagnir um lýsingu liggja fyrir þá er talið að það gefi ekki tilefni til endurskoðunar og ekki þurfi að breyta áætlun á tímafjölda. Vísast til greinargerðar sem lögð var fyrir Fjórðungsþing nú í vor um umfang verkefnis. Á árinu 2025 á verksali rétt á að skoða áhrif af verðlagsþróun og taka verður tilliti til þess við gerð endurskoðar fjárhagsáætlunar 2025.

Aðrir málaflokkar/ verkefni.

Hér er yfirlit um þróun framlaga til málaflokka / verkefna FV að hálfu aðildarsveitarfélaga og renna nær óskert til Vestfjarðastofu samkvæmt samningi um rekstur málaflokka FV. Tillaga fyrir árið 2025 byggja á verðlagsþróun með 6% breytingu.

	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Rekstur skrifst	10.200 þkr	10.200 þkr	10.700 þkr	11.600 þkr	12.400 þkr	13.200 þkr
Atvinnuþr	6.500 þkr	6.500 þkr	6.800 þkr	7.300 þkr	7.800 þkr	8.300 þkr
Markaðsst	6.800 þkr	6.800 þkr	7.100 þkr	7.700 þkr	7.700 þkr	8.200 þkr
Umhverfi	4.000 þkr	4.000 þkr	5.000 þkr	5.000 þkr	5.000 þkr	5.000 þkr
Menning	9.900 þkr	9.900 þkr	9.900 þkr	9.900 þkr	9.900 þkr	9.900 þkr
Samtals	37.400 þkr	37.400 þkr	39.500 þkr	41.500 þkr	42.800 þkr	44.600 þkr

Framl Jöfn.sj (smk reglugerð)	33.100 þkr	33.700 þkr	40.800 þkr	49.800 þkr	50.000 þkr (áætlun)	53.000 þkr
-------------------------------	------------	------------	------------	------------	---------------------	------------

Framlag til Svæðisskipulags Vestfjarða er samkvæmt samþykki sveitarfélaga við þátttöku í verkefninu og rétt að taka fram að framlag 2026 er síðan áætlað 5.500 þkr.

Svæðisskipul					5.000 þkr	10.500 þkr
--------------	--	--	--	--	-----------	------------

Samkvæmt fjármálaáætlun þá er ekki annað fyrirséð en endurnýjaðir verði samningar um sóknaráætlanir og markaðsmál. Samningar þessir byggja á framlögum ríkissjóðs og eru háðir óvissu þar til fjárlög hvers árs hafa verið samþykkt. Skipting fjármagns er einnig í óvissu en

reiknireglur eru til endurskoðunar. Efast má þó að gerðar verði stórar breytingar sem taki strax gildi á árinu 2025 hvað sem síðar gæti orðið.

Tekist hefur á hverju ári, að fá hækkun framlaga frá því sem fjármálaáætlun segir til, um þar munar mestu um framlög til sóknaráætlana eða 120 mkr. Samkvæmt fjármálaáætlun hverju sinni er tillaga að nemi um 98 mkr en hafa verið um 108 mkr árin 2023 og 2024. Í frumvarpi til fjárlaga 2025, er hækkun framlags dregið til baka og því er hér sett fram áætlun að það nemi 98 mkr.

Atvinnu og byggðapróun. Vestfjarðastofa yfirtók á árinu 2023, samning Fjórðungssambands við Byggðastofnun um atvinnu og byggðapróun. Rétt að hafa þetta í huga vegna áhrifa á annan rekstur Vestfjarðastofu. Framlag á fjárlögum og í fjármálaáætlun hefur lækkað í samræmi við hagræðingarkröfu á síðustu fimm ár, en tókst að hækka tímundið 2024 í heild um 35 mkr eða um 5 mkr á hvern landshluta.

Nýtt verkefni; Hringrásarfulltrúi, samkvæmt tillögu að Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er áhersla á að komið verði upp hlutastöðugildi til að fylgja eftir framkvæmd áætlunarinnar.. Verkefni hringrásarfulltrúa verði hluti af heilu stöðugildi og Vestfjarðastofa hefur áætlað að sé um 30 % starfshlutfall og kostnaður metin 5.000 þkr. Aðrir hlutar varða umsýsla RESET verkefnis og að framfylgja umhverfisverkefni byggt á reynslu af Earth Check þ.e. koma á grænu bókhaldi sveitarfélaganna, setja þar mælikvarða og samræma framsetningu. Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu mun senda okkur nánari útlistun á framkvæmd og fjármögnun.